6. tbl. 1. árg.
6. des. 2012

# HRINGIÐAN

LIST | MENNING | DÆGURMÁL



Ókeypis eintak










HEIMSFRUMSÝND

13. DES 2012







# Björgvin og félagar í stuði

Nær fullt var á aðventutónleika Hússins á Ísafirði sem haldnir voru í Félagsheimilinu í Bolungarvík á sunnudagskvöld. Þar skemmti Björgvin Halldórsson, Matti Matt og Friðrik Ómar ásamt stórsveit Björgvins.

Tónlistardagskrá kvöldsins spannaði feril Björgvins sem og söngvarana tveggja. Björgvin gat þess sérstaklega undir lok tónleikanna að sjaldan hefði hann fengið eins höfðinglegar móttökur og um helgina og þakkaði hann sérstaklega eigendum Hússins. Vonaðist hann til að sér yrði boðið aftur vestur til tónleikahalds. Meðfylgjandi myndir tók Benedikt Hermannsson.



**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Silfurgötu 1, 400 Ísafjörður, sími 456 4560. **Ritstjórn:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: *bb@bb.is*. **Umsjónarmaður efnis:** Agnes Ósk Marzellíusardóttir, sími 849 9460, netfang: *agnesoskmarz@gmail.com*. **Ljósmyndarar:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: *halldor@bb.is*, Sigurjón J. Sigurðsson og fleiri. **Auglýsingar:** Halldór Sveinbjörnsson. **Prentun:** Litróf hf. **Dreifing:** Íslandspóstur. Blaðinu er dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum.

# JÓLAFRAKT

**JÓLATILBOÐ TIL ALLRA ÁFANGASTAÐA!** | **75** | ÁR Á FLUGI




**BÓKANLEGT Á FLUGFELAG.IS** | **VINGUMST:** facebook.com/flugfelag.islands

**JÁ, ÞAÐ BORGAR SIG!** Flugfélag Íslands mælir með því að við gleðjum hvert annað um jólin. Þú pakkar bara gjöfunum inn og við fljúgum með þær til vina þinna og skyldfólks í öðrum landshlutum. Næstum jafnauðvelt og að segja: Gleðileg jól!

*Tilboðið gildir frá og með **6. des.** til og með **20. des. 2012.**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS







flickr



**Nafn:**
Grétar Þór Sæþórsson
**Uppruni:**
Ættaður bæði frá Ingjaldssandi og Ísafjarðardjúpi. Pabbi fæddist á Ísafirði en ólst upp á Flateyri
**Flickr-síða:**
www.123.is/gretars

**Af hverju ljósmyndun?**
Ég veit nú ekki alveg hvernig ég endaði í þessari dellu en nú í seinni tíð þá hafa bátamyndir verið númer eitt hjá mér og held ég úti síðu þar sem ég birti aðallega bátamyndir.

**Fyrsta græjan?**
Fyrsta vélin var Pentax filmuvél sem ég keypti notaða af frænda mínum en fyrsta digital vélin var Fuji Fineview ef ég man nafnið rétt.

**Skemmtilegasta kódak mómentið?**
Ég man nú ekki eftir neinu sérstöku svona kodak-mómenti í augnablikinu.

**Hvað er í dótakassanum?**
Núna er ég alveg fastur í Canon. Er með EOS 60D vél og linsurnar eru 17-40 4.0, 24-70 og 70-200 2.8 IS. Þessar ber helst að nefna.

**Á hvern skorar þú?**
Ég vil skora á Jón Steinar Sæmundsson frá Flateyri.





Jólagjafir
Fender kassagítarpakki
26.990
Rafgítarpakki 49.990
Rafbassapakki 59.990
Bassinn, gítarinn og
magnarinn handa þér
hljómborð frá 39.990
Hljóðkort með
hugbúnaði frá 18.990
Heyrnartól og hljóðnemar
í úrvali
Kassagítarar frá 18.990
Tilboðsverð á trommusettum
Píanó og flyglar frá
Yamaha og Samick
Rafpíanó frá 105.990
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Síðumúla 20 . Reykjavík . s.: 5915340
www.hljodfaerahusid.is
TÓNABÚÐIN
Sunnuhlíð 12 . Akureyri . s.: 4621415
www.tonabudin.is



# Heima að heiman

Friðþjófur Þorsteinsson, ljósahönnuður hefur búið í fimm ár í London ásamt unnustu sinni Kristínu Höllu Kristinsdóttir. Friðþjófur var formaður Félags Íslendinga í London í þrjú ár en hefur nýverið rétt kyndilinn áfram til nýrrar stjórnar. Friðþjófur er sonur Evu Friðþjófsdóttur og Þorsteins Þráinssonar.




**Mitt gamla bakarí**
Mér hefur ekki auðnast að finna mörg góð bakarí í London en flest eru þau hluti af stórum keðjum þar sem ástríðan fyrir bakstrinum virðist fá að víkja fyrir fjöldaframleiðslunni. Í næsta nágrenni við mig má þó finna Dunn's Bakery sem stendur Gamla Bakaríinu ekki einungis nærri í gæðum – heldur er svipað um að líta innandyra hjá þeim sem gerir heimsóknina þangað auðvitað enn skemmtilegra.



**Mitt Silfurtorg**
Lundúnir eru uppfullar af litlum hverfismiðjum; eins konar samfélagskjörnum sem eru nánast eins og þorp út af fyrir sig. Crouch End er einmitt einn slíkur kjarni og var raunar þorp sem borgin gleypti með tímanum. Þangað sæki ég þjónustu og þar er að finna þennan fína klukkuturn eins og klukkan fyrir ofan innganginn að Sjóvá. Að auki er þar bókaverslun, fataverslanir, bankar, matvöruverslanir, áðurnefnt bakarí, stjórnsýsluskrifstofur og margt fleira – eins og í kringum Silfurtorg.



**Mín Emmí Jóns**
Þegar ég var skráður í nám við Menntaskólann á Ísafirði mátti ég varla vera að því að læra fyrir uppfærslum alla leikfélaganna sem ég hreinlega þurfti að starfa með. Nú legg ég stund á meistaranám í leikmyndahönnun við Central St. Martins College of Art and Design (en má varla vera að því vegna allra leikuppfærslanna sem ég nú starfa við).




**Mín Hamraborg**
Það er öllum nauðsynlegt að geta skroppið eftir helstu nauðsynjum, því sem gleymdist í stórinnkaupunum nú eða bara bakkelsi þegar gesti ber óvænt að garði. Blessunarlega er Express súpermarkaðurinn í seilingarfjarlægð, opnunartíminn er rúmur og þjónustulundin fyrirtak – rétt eins og í Hamraborg!

# Hljóðlát Snjöll Kraftmikil



AGAiT ryksugurnar nú fáanlegar á verði sem ekki hefur sést áður

SÆRAF EHF

AGAiT

Aðalstræti 20, Ísafirði
Sími 450-6000

AGAiT á Íslandi
www.agait.is
















# Edda Björgvins fór á kostum

Mikil stemmning var á jólahlaðborði Edinborg Bistro í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardagskvöld. Edda Björgvinsdóttir fór á kostum sem veislustjóri og uppistandari og borð svignuðu undan veitingunum. Þórunn og Halli sáu um tónlistarflutning og skemmtu gestum sem dönsuðu langt fram á nótt. Meðfylgjandi myndir voru teknar í Edinborg.

# Jólin byrja með Disney

Lesum meira




**Líkaminn**
Disney alfræðibók fyrir alla í fjölskyldunni.




**Föndur og fínheit með Ömmu Önd**
Lærðu að föndra með Ömmu Önd




**Heimilisréttabókin**
Þessi er tilvalin í jólapakkann.




**Skellibjalla í vandræðum**
Falleg og skemmtileg saga.




**Lærum að teikna**
Lærðu að teikna Andrés og félaga.










**Sögusafn Disney**
Þrjár góðar með sögum fyrir svefninn.




**Jólasyrpan 2012**
Þessi kemur út árlega, ekki láta þessa vanta í safnið þitt.




**Partíbók fjölskyldunnar**
Leikir, þrautir og fl.
Skemmtileg fyrir alla

ICELANDAIR



## Jólaleikur Disney



Jólabókum Disney fylgir lukkumiði sem getur komið þér til Disneylands í París! Eina sem þarf að gera er að kaupa Disney-bók á einhverjum af sölustöðum Disney.

**Nánari upplýsingar á www.disneybok.is**

©Disney

# Listin er fullkomi

**Hverjar eruð þið?**

Við erum tvær úr tungunum sem hittumst hérna fyrir vestan síðustu páska vegna Aldrei fór ég suður hátíðarinnar. Solveig var fengin til að teikna “Aldrei” mynd sem var síðan prentuð aftan á hettupeysurnar sem voru til sölu og einnig á töskur sem Sandra var að hanna úr fánaefni. Þær seldust upp og við ákváðum að prófa að vinna saman. Sandra er fatahönnuður – útskrifaðist frá Róm 2011 og Solveig er með tvöfalda gráðu sem vöruhönnuður og myndlistamaður, útskrifaðist frá Minnesota 2008.

Við eigum báðar ættir okkar að rekja vestur en Sandra er vel ættuð frá Bolungarvík og Ísafirði og Solveig kynnist blóði sínu úr Vigurættinni eftir að hún varð fullorðin. Fyrir utan það er það umhverfið hrikalega sem heillar þær báðar eins og fólkið, en það virðist vera eitthvað öðruvísi en annars staðar á landinu. Og birtan! Hún er svo sérstök.

**Og hvar eigið þið heima?**

Við erum nýfluttar til Bolungarvíkur og erum báðar með lögheimili hér. Sandra leigir einstaklingsíbúð í hjarta bæjarins og Solla býr með fallegum smið á Skólastígnum.

**Afhverju sköpun?**

Af því það er svo gaman! Því að þrátt fyrir allar leiðir sem eru kynntar fyrir manni á lífsleiðinni þá virðist vera sem sköpun og list sé það sem haldi manni gangandi, andlega sérstaklega. Og oft fjárhagslega.

Þær eru sammála um það að sköpun sé það eina sem þær gætu gert endalaust. Aðrar vinnur eiga það til að letja í manni lífslöngunina.

**Það besta við listina?**

Frelsið. Að maður getur dottið inn í hugarástand þar sem maður þarf ekki beint að hugsa heldur leyfir hlutunum bara að flæða í gegnum sig.

Það hægt að segja svo margt í gegnum hana sem maður myndi kannski ekki eða jafnvel gæti ekki sagt með orðum við neinn.

**Það versta við listina?**

Það er ekkert út á listina að setja, hún er fullkomin. En listheimurinn getur verið snúinn og fráhrindandi. Svo maður þarf að vera sterkur og sniðugur.

**Latte?**

Soya latte -tvöfaldan takk.

Sandra vill kókómjólk, hún drekkur ekki kaffi.

**Hvað gerist næst?**

Næst opnum við verslun í Aðalstrætinu í Bolungarvík undir merkinu RECIPROCAL. En þar framleiðum við allt sjálfar fyrir utan nokkra hluti, en þá fáum við Fablab og Fánasmiðjuna með okkur í lið.

Við höfum verið að hanna prent og mynstur sem við prentum á efni og boli og fleiri hluti. Það gerum við í silkiprentvélinni okkar, svo framleiðum við fatnað úr efnunum. Kjóla, boli, sjöl, trefla og heimilisvörur.

Fyrst ætluðum við bara að opna vinnustofu og selja í gegnum vefverslun (sem er í vinnslu). En svo finnst okkur vanta töff fatabúð hér á Vestfjörðum. Án þess að setja nokkuð út á þær sem eru til staðar, þá finnst okkur alltaf gaman að skoða allar nýju hönnunar búðirnar, merkin og það allt sem er að gerast í fatahönnunarheiminum í Reykjavík og svo auðvitað er hangið á netinu öðru hvoru að skoða hvað td. Bernard Willhelm, Henrik Vibskov og svo auðvitað Vivienne Westwood og hinir eru að gera.

Okkur finnst óþarfi að þurfa alltaf að fara til Reykjavíkur til að kaupa flotta íslenska hönnun, þó að menningarferðir séu auðvitað nauðsynlegar. Þó gæti þessi skoðun verið afleiðing af okkar eigin ferðaleti.

Síðan er vefverslun í byggingu og fer í loftið fljótlega.



n





# Andrea
## og Ísafjarðarmarkaðurinn

**Hvaðan fékkstu hugmyndina af Ísafjarðarmarkaðnum?**
Ég sá svipaðan hóp á Facebook sem nokkrar skvísur á Akra-nesi höfðu stofnað, svo markaðurinn er alls ekki fyrsti sinnar tegund-ar. Mér fannst vanta sölutorg fyrir okkur Vestfirðinga þar sem við gæt-um nálgast nýja og notaða hluti án þess að þurfa að senda þá þvert yfir landið.

**Hvað eru margir notendur ?**
Í dag eru tæplega 2.700 manns í hópnum og daglega bætast fleiri við. Lang flestir eru hér á Vestfjörðum.

**Hvað er hægt að selja þar?**
Það er hægt að selja allt mögulegt. Margir selja notuð og ný föt, bíla, húsgögn, raftæki, bækur, handverk, og margt, margt fleira.

**Hvað er vinsælast?**
Ég myndi segja að vinsælast sé að selja föt, bæði fullorðins og barnaföt en einnig er töluvert framboð af húsgögnum.

**Hvernig gengur þetta fyrir sig?**
Fólk getur auglýst sínar vörur til sölu eða óskað eftir einhverju til kaups. Við stjórn-endur höfum sett einfaldar reglur sem við biðjum fólk að fara eftir þegar það setur inn vörur til sölu, það er einfaldlega til að auðveldara sé að leita á markaðnum.

**Færð þú einhver þjónustulaun?**
Nei ekkert svoleiðis, ég hef tvo meðstjórnendur þær Katrínu Fríðu og Völu Dögg. Við hjálpumst að við að halda utan um síðuna og minna fólk á að fylgja reglum og slíkt, svona mark-aður gengur betur fyrir sig ef hann er skipulagður.





Sendum heim að dyrum
Allt fyrir tónlistarmanninn á einum stað
SONOR
MESA
Tónastöðin
Akureyri
Strandgötu 25
TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn
Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 og Strandgötu 25 • Akureyri • sími: 456 1185 • www.tonastodin.is









# Björgvin og félag-ar slógu í gegn

Mikið fjöldi fólks skemmti sér á jólahlaðborði Hússins sem haldið var í íþróttahúsinu á Torfnesi á laugardagskvöld. Húsið skipulagði jólahlaðborðið í samvinnu við fleiri aðila og markið var sett hátt. Landsþekktir skemmtikraftar á borð við Björgvin Halldórsson, Matta Matt, Friðrik Ómar og Ómar Ragnarsson og fjölmennt lið sá um eldamennsku og utanumhald veislunnar. Ljósmyndari blaðsins var á staðnum og smellti nokkrum myndum af skemmtuninni.















# Áhersla lögð á heimalagaða rétti



Jólahlaðborðin á Hótel Ísafirði hafa verið mjög vinsæl undanfarin ár. Mikill metnaður er lagður í undirbúning réttanna sem boðið er uppá við þetta tækifæri. Lögð er áhersla á heimalagaða rétti og að nýta sem mest af hráefni úr heimabyggð. Ávallt er boðið upp á lifandi tónlistarflutning undir borðum. Á aðventunni býður veitingastaðurinn einnig uppá smurbrauð að hætti danskra, en þau eru að sjálfsögðu ísfirsk að uppeldi brauðin á borðum veitingastaðarins við Pollinn. Á Þorláksmessu er boðið til skötuveislu í hádeginu á veitingastaðnum.

Meðfylgjandi myndir voru teknar á jólahlaðborði um síðustu helgi.



| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| | | | | | Hægt | | Flökti | Hetju | Ending<br>Plógur | | Kindum |
| | | | | | Nefnir | | | | | | |
| | | | | | | | | | | Fimm<br>Fjaðrað | |
| | | | | | Þreyta<br>501<br>Fjöldi | 7 | | | | | |
| Jón<br>Steingr. | | | Skot<br>R.vík | Skap-<br>stillt<br>Minnast á | | | | | | | |
| Leiðtogi | | | | | | | | | | | |
| Sögn<br>Félaga<br>Kallað | | | Samkoma<br>Upphr.<br>Skrið-<br>dýrið | 5 | | | Drottinn<br>Dvelja | | | | Göfugur<br>Nöldra |
| | | | | | | Reiði-<br>hljóð<br>Kvendýr | | | | Sérhlj.<br>Reið | |
| Samhlj.<br>Meta | | Baunina<br>Skottinu | | | | | | 2 | Rás<br>Ávöxtur | | |
| | | | | | Raforka<br>Yfirlit | | | | | | |
| Hægur<br>gangur | | | | Veisla<br>Flón | 6 | | Bor<br>Skolla | | | Fyrstur<br>Kona<br>Átt | |
| Þýtur | Ónæði | | | | | | | Hinkur | | | 3 |
| | | | | 4 | | Maður<br>Sam-<br>ræða | | | | | |
| Flan | | | Skrif-<br>færi<br>Æði | | | | | | | | |
| Ákafa<br>Birtu | 1 | | | | | | Átt<br>Sérhlj. | | Frá<br>Sérhlj. | | |
| | | | | | Skipa-<br>lægið | | | | | | |

## Lausn á síðustu krossgátu



| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Jón Steingr. | | | | | | V | | A |
| | | | | K | R | A | B | B | I | N | N |
| | | | | L | | K | R | Ú | N | A | N |
| | | | | I | M | B | A | | S | M | Á |
| | S | | Á | F | E | R | G | J | A | | L |
| B | E | I | T | A | | A | U | K | | E | L |
| | G | L | A | U | M | U | R | ↗ | O | G | ↘ |
| | Ð | | K | L | A | T | T | A | | N | B |
| P | U | S | | A | L | | E | N | G | I | L |
| | ↘ | M | É | R | ↘ | Á | | U | R | R | Ó |
| Á | T | E | L | | S | L | Ó | G | Ý | | M |
| | Á | T | | M | Ö | N | D | U | L | L | I |
| | | T | R | E | G | I | Ó | L | A | | Ð |
| N | E | I | O | T | U | R | | F | Ó | L | |
| | L | | S | I | N | | M | Ý | T | A | N |
| S | J | A | T | N | A | A | M | B | A | G | A |
| | A | Ð | A | N | ↘ | U | M | ↗ | L | A | G |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 3 | 4 | | | | | 5 |
| | 8 | | | 3 | | | 9 | |
| 5 | | | | 1 | | 2 | | |
| 1 | | | | | 7 | | | |
| | 2 | 5 | | 4 | | 8 | 1 | |
| | | | 9 | | | | | 4 |
| | | 2 | | 7 | | | | 6 |
| | 5 | | | 6 | | | 4 | |
| 6 | | | | | 4 | 5 | | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 7 | 3 | | | 5 | | |
| | 5 | | | 9 | | | 1 | |
| | | 3 | | 2 | | | | 7 |
| 9 | | | 2 | | | | | |
| | 2 | 5 | | 3 | | 6 | 8 | |
| | | | | | 8 | | | 1 |
| 1 | | | | 7 | | 8 | | |
| | 4 | | | 6 | | | 7 | |
| | | 9 | | | 2 | 4 | | 6 |




Melrakkasetur Íslands

Súðavík

Föstudaginn 7. desember

Gulróta-engifersúpa og nýbakað brauð. Frá kl 19:00

Skúli Mennski og Þung byrði

500 kr. inn Kl: 21:00

9. desember

Sunnudagskaffi

Jólamarkaður á loftinu

Húslestur, andlitsteikning

Ljósmyndataka í jólakortið

Opið frá 12-18 melrakki.is



Ertu búin(n) að tryggja þér auglýsingapláss fyrir jólin?

Hafið samband við Halldór í símum 456 4560 eða 894 6125

# Hvað er að gerast?

## Hringiðan mælir með...



### Þórunn og Halli í Edinborg

Þórunn og Halli skemmta af sinni alkunnu snilld á jólahlaðborði Edinborg Bistro á laugardagskvöld. Veislustjóri kvöldsins er Edda Björgvins leikkona. Skemmtun sem engin lætur fram hjá sér fara

### Föstudagur 7. desember

10:00: Hlíf: Húslestur í kjallaranum.
18:00: Edinborg: Tónleikar píanó-, gítar- og slagverksnemenda.
20:00: Grunnskólinn á Ísafirði: Frumsýning ,,Þegar Trölli stal jólunum".
21:00: AA húsið, Eyrargötu: AA fundur.
21:00: Kaffi Ísól: Drekktu betur.
21:00: Einarshúsið, Bolungarvík: Kjallarakeppni.
22:00: Edinborg Bistro: Bjórbingó.

### Laugardagur 8. desember

10:00: Torfnes: Íþróttaskóli KFÍ.
19:00: Edinborg Bistro: Jólahlaðborð. Edda Björgins skemmtir. Halli og Þórunn leika fyrir dansi fram eftir nóttu.

### Sunnudagur 9. desember

11:00: Hólskirkja: Sunnudagaskóli.
11:00: Hnífsdalskapella: Aðventuhátíð, jólahelgi-leikur, söngur og tónlistarflutningur.
20:00: Hólskirkja: Aðventukvöld.

### Mánudagur 10. desember

19:30: Hamrar: Jólatónleikar hljóðfæranema.
20:00: AA húsið, Eyrargötu: Al Anon fundur.
20:00: Bræðraborg: Prjónakvöld og kósý.

### Þriðjudagur 11. desember

17:00: Súðavíkurkirkja: Aðventukvöld.s
19:30: Guðmundarbúð: Föndur slysavarnakvenna (Línan).
19:30: Hamrar: Jólatónleikar söngnema og öldunga.
20:00: Ísafjarðarkirkja: Æskulýðsfundur.
21:00: AA Húsið, Eyrargötu: AA fundur

### Miðvikudagur 12. desember

10:30: Ísafjarðarkirkja: Foreldrasamvera.
17:00: Ísafjarðarkirkja: Kirkjuskóli barnanna.
18:00: Ísafjarðarkirkja: 9-12 ára kirkjustarf.
19:30: Hamrar: Jólatónleikar hljóðfæranema.
20:00: Bræðraborg: Trivial og gleði.
21:00: Félagsheimilið í Súðavík: AA fundur.






# Þjónustuauglýsingar

Vottaðar lífrænar vörur úr íslenskum handtíndum jurtum



VILLIMEY

GÓK HÚSASMÍÐI EHF

Bolungavík

☎ 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Öll almenn húsasmíði

RAFVERK EHF

RAFVERKTAKI
RAFMAGNSVERKSTÆÐI

Skólastíg 4 • Bolungarvík • S: 456 7373

HG HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda





Hreint umhverfi

Bjóðum vandað úrval Svansmerktra hreinlætisvara, hreinlætispappírs og hreinsiefna.

olís BOLUNGARVÍK
Sími 456 7990 | bolungarvik@olis.is

G

Geirnaglinn ehf

trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122

Öll almenn trésmíði

Bílasala
456 3800

Bílaverkstæði
456 4580

BÍLATANGI HF.
ÍSAFIRÐI

Suðurgötu 9

Ráðgjafa- og nuddsetrið ehf
Sindragötu 7 • 400 Ísafjörður
rons@rons.is • www.rons.is
Símar 456 6698 & 899 6698 • fax 456 6698

Dekurnudd
Steinanudd
Alnudd
Partanudd
Rafmagnsnudd
Stólanudd

Láttu bílinn njóta sín með HELIX sem er ein af allra bestu olíum á markaðnum í dag.

Olía sem þróuð hefur verið í samvinnu við framsæknustu vélaframleiðendur sem vilja aðeins það besta fyrir sínar vélar.



Söluaðil
Þrymur hf. Vélsmiðja
Suðurgötu 9 - Ísafirði

END URSKOÐUN VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf

BÆTT UMHVERFI
BETRI FRAMTÍÐ

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST



Opið 10-18 alla virka daga

Hárkompaní

sími 456 6363



33 Auglýsir þú í réttum miðli?

Öll almenn prentþjónusta.
Plaköt og annað smáprent afgreitt samdægurs

HRINGIÐAN

Hafið samband
Sími 456 4560
halldor@bb.is

# EKTA DANSKT SMÖRREBRØD AÐ HÆTTI IDU DAVIDSEN

*Allar götur síðan 1968*



## Rækjubrauð
salatblað, rækja, sítróna, paprika, steinselja, kokteilber.

## Roastbeef modern
maltbrauð, roastbeef, remoulaði, tómatur, laukur, soðið egg.

## Síldarbrauð
maltbrauð, salatblað, síld, laukur, egg, steinselja, tómatur.

## Baconbrauð
maltbrauð, salatblað, tómatur, bacon, camembertostur, steinselja.

## H.C. Andersenbrauð
maltbrauð, bacon, lifrarkæfa, kjöthlaup, tómatur, piparrót, steinselja.

## Bombay karrýbrauð
franskbrauð, karrýsalatkjúklingur, tómatur, harðsoðið egg, reyktur lax, kavíar.

## Lifrarkæfubrauð Krónprins Friðriks
rúgbrauð, lifrarkæfa, tómatur, agúrkusalat, steiktur laukur.

## Rauðspretta í sparibúningi
maltbrauð-rauðspretta, remúlaði, aspasstilkur, reyktur lax, kavíar, rækjur, sítróna, steinselja.

***Frí heimsending ef pantað er 3 eða fleiri***


RÆKJUBRAUÐ


ROASTBEEF MODERN


SÍLDARBRAUÐ


BACONBRAUÐ


H.C. ANDERSENBRAUÐ


BOMBAY KARRÝBRAUÐ


LIFRARKÆFUBRAUÐ KRÓNPRINS FRIÐRIKS


RAUÐSPRETTA Í SPARIBÚNINGI

**HAMRABORG**

Hamraborg ehf • Hafnarstræti 7 • Sími 456 3166